



Alþingi  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi, 4. maí 2018

**Efni:** Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónusta o.fl. (dvalarrými og dagdvöl), 426. mál.

Stjórn SASS tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. maí sl.

Varðandi b. (16. gr. b.) dagdvöl er rétt að áréttu eftirfarandi:

Í dagdvöl skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og lækniþjónustu. Um frekari þjónustu í dagdvöl vísast til 3. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra. Enginn getur notið þjónustu í dagdvöl nema að undangengnu mati faglegs teymis heilbrigðisstofnunar samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

Í dag er ekkert faglegt teymi heilbrigðisstofnana sem metur fólk til veru í dagdvalar, þetta hefur verið þannig að félagsþjónustan metur fólk þarna inn og / eða heilbrigðisstofnun óskar eftir að fólk fari inn. Það virðist eiga að vera með sérstakt mat og heilbrigðisstarfsfólk eigi að meta inn. Dagdvalir eru á herðum sveitarfélaga í dag. Þetta er svo áréttað í kafla II í 3. gr. og III kafla í 6. gr. Það er svo tekið fram í skýringum að hér sé bara verið að tala um mat fyrir þá sem eru 67 ára og yngri.

Það er mjög gott að hér sé verið að opna á það að fólk undir 67 ára geti notað dagdvöl og dvalarrými.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri